



### Vinnustofa #3 „Stefnumörkun í menningu og skapandi greinum – samspil opinberrar stefnumótunar og rannsókna í menningu og skapandi greinum“

Vinnustofustjórar: Krístrún Heiða Hauksdóttir, sérfræðingur í menningar- og viðskiptaráðuneyti og Njörður Sigurjónsson, Prófessor við Háskólann á Bifröst.

Ritari: Lara Wilhelmine Hoffmann, doktorsnemi og stundakennari við Háskólann á Akureyri.

Markmið vinnustofunnar var að ræða mikilvægi markvissrar og reglubundinnar stefnumörkunar fyrir menningu og skapandi greinar í því miði að styðja við mótun framsækis skapandi vistkerfis, fullnýta tækifæri til vaxtar og áframhaldandi þróunar og rækta skapandi mannauð. Rætt var hvernig reglubundin gagnaöflun, þar sem gæði gagna eru tryggð, og fjölþættar rannsóknir geta undirbyggt slíka stefnumótunavinnu. Þá var einnig rætt hvernig tekist hefur til á Íslandi til þessa varðandi stefnumörkun í menningu, hvernig hægt sé að samtvinna menningarstefnu til framtíðar við stefnumörkun í skapandi greinum og hvað við getum lært af öðrum þjóðum.

Trine Bille prófessor við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn, tók einnig þátt í umræðum og var með stutt innlegg í upphafi.

#### 1. Hvaða rannsóknir eða þekking hafa gagnast best fyrir stefnumótun í menningu og skapandi greinum hingað til?

Almennt hafa rannsóknir á skapandi greinum verið að aukast á Íslandi en áherslan hefur verið á listamenn og þeirra verk þar til nýlega. Rannsóknir á listamönnum og list sem starfsemi hafa varpað ljósi á svokallað “patchwork economy” listamanna. Margir listamenn fá laun með því að sinna marvíslegum störfum (s.s. kennsla) sem tengjast ekki liststarfseminni beint. Fræðsla fyrir listamenn um markaðssetningu, viðskiptaþróun o.s.frv. er mjög mikilvæg.

Neytendahegðun hefur breyst eftir Covid-19 heimsfaraldurinn sem hefur áhrif á stefnumótun. Trine nefndi að stofnunin „Applaus“ í Danmörku vinnur beint með ólíkum menningarstofnunum við að afla þekkingar um áhorfendur (3 ára verkefni sem er fjármagnað af opinberum sjóðum). Applaus hófst sem verkefni sem miðar að því að samþætta þróun áhorfenda inn í vinnu, markmið og stefnur danska sviðslistageirans. Verkefnið byrjað Árið 2021 varð „Applaus“ sjálfstæð stofnun sjá [hér](#).

Skoða þarf að aðgreina í rannsóknum mismunandi svið skapandi greina og rannsaka sérstaklega einkenni þeirra og þróun (t.d. hönnun, tónlist, myndlist).



## 2. Er munur á rannsóknum á menningarstefnu annars vegar og stefnumörkun í skapandi greinum hins vegar?

**Já:** Rannsóknir á menningarstefnu leggja áherslu á vellíðan, nám án aðgreiningar og lífsgæði en rannsóknir á stefnumörkun í skapandi greinum leggja áherslu á vöxt greina (stærð og störf) og útflutning (virði).

**Nei:** Rannsóknir á menningarstefnu annars vegar, og stefnumörkun í skapandi greinum hins vegar, hafa svipuð markmið í grunninn: Til dæmis ef við skiljum hlutverk menningar í langtímasamhengi og framlag þeirra til lífsgæða í samfélaginu. Í þessu tilviki er vöxtur skapandi greina (stærð og störf) beintengdur félagslegum áhrifum lista og menningar, t.d. varðandi vellíðan og lífsgæði.

## 3. Hvaða rannsóknir eru mest aðkallandi næstu 2-4 árin?

Umræðan leiddi í ljós að mikil þörf er á frekari rannsóknum en ekki síður mikil þörf á að safna og kerfisbinda fyrirbyggjandi gögn, bæði á Íslandi og á Norðurlöndum sem eru okkar helstu samanburðarlönd. Fjallað var um fjölbreytni í rannsóknarverkefnum, bæði hvað varðar mismunandi rannsóknaraðferðir (megindlegar og eigindlegar) og viðfangsefni sem á að rannsaka. Hér að neðan er að finna dæmi um rannsóknaraðferðir og viðfangsefni rannsókna sem komu fram í umræðunni:

- Eigindlegar rannsóknir til viðbótar við megindlegar rannsóknir (ekki bara tölur)
- Það er mikið til af gögnum en mikilvægt er að uppfæra og gagnrýna gögnin sem til eru og huga að gæðum.
- Vinna í því að gera gögn aðgengilegri og sýnilegri á einum stað, s.s. eins og hjá dönsku Hagstofunni, Statistics Denmark, sjá [hér](#).
- Mikilvægt að bera saman ákveðna þætti varðandi skapandi greinar á milli Norðurlandanna, t.d. með því að nota svipaðar rannsóknaraðferðir og með því að safna tölfræðigögnum með sama hætti, s.s. nota Eurostat Cultural Employment nálgun.
- Þörf fyrir rannsóknir á áhorfendum, áhorfendapróun og markaðssetningu. Þannig eru t.d. til upplýsingar um miðasölu en ekki mætingu á viðburði.
- Samanburðarhæfar útflutningstölur (t.d. myndlistarsýningar íslenskra listamanna erlendis).
- Fjölbreytni listamanna/ þátttaka/ aðlögun. Með auknum fólksflutningum og fjölbreytileika í íslensku samfélagi er vaxandi þörf á að rannsaka hverjir taka þátt í skapandi greinum og hvernig (bæði sem starfsmenn í skapandi greinum og sem áhorfendur). Hugtök eins og þátttaka eru notuð bæði af stefnumótendum og í samfélagsumræðu en skýrar skilgreiningar um þessi hugtök vantar og oft er erfitt að mæla hugtökin.
- Menningarstefna: áhersla á þátttöku, en erfitt að mæla þátttöku (t.d. mæla áhrif menningarstefnunnar út frá þátttöku).
- Hagnýtar rannsóknir til að styðja við uppbyggingu hæfni skapandi einstaklinga, til dæmis upplýsingar um á hvaða sviðum reynsla og færni listamanna er eftirsótt og hvaða hæfni er eftirsótt. Munur á mismunandum svæðum/ sveitarfélögum á Íslandi. Vantar til dæmis tölur um fólk sem starfar á þessu sviði sem og um áhorfendur menningarviðburða.



- Stuðla að skipulögðu og reglubundnu samstarfi milli Norðurlandanna, s.s. í gegnum Nordic Institute for Cultural Policy Analysis (Nordic Council of Ministers) og með reglubundnu samstarfi norrænu hagstofanna.
- Vinna þarf rannsóknir á áhrifum menningarstarfs/lista/skapandi greina (afurða) m.t.t. lífsánægju og vellíðunar og annarra áhrifa á líf fólks.
- Skoða hvernig skapandi greinar og list móta lykiligildi samfélagsins, til dæmis í tilfalli Íslands.
- Rannsaka breytt menningarlandslag: Vaxandi fjöldi fólks sem starfar í menningargeiranum og í skapandi störfum (creative occupations) Hvað ætli gerist 5 ár, 10 ár, 30 ár fram í tímann?